

Fréttapistill frá forseta Íslands

23. ágúst 2021

Í nýliðinni viku bar utanför okkar Elizu hæst á mínum opinbera vettvangi. Síðast héldum við til útlanda í byrjun mars í fyrra og varla verða margar ferðir farnar í viðbót út fyrir landsteinana á þessu ári. Nú lá leið okkar á World Pride hátíðina í Kaupmannahöfn og Málmey. Í dönsku höfuðborginni ávarpaði ég þátttakendur á mannréttindaráðstefnu og flutti erindi á fundi í Folketinget um atbeina þingmanna um heim allan í þágu hinsegin samfélagsins. Í þinginu sátum við einnig hádegisverð í boði Henriks Dam Kristensens þingforseta. Gafst mér þar færi á að spyrja hann um ýmsa þætti í danskri stjórnskipan, meðal annars hinn formlega og forna atbeina þjóðhöfðingja við framlagningu stjórnarfrumvarpa í Danmörku og á Íslandi.

Í Málmey flutti Eliza ræðu á málþingi um hinsegin flóttafólk. Við áttum einnig fund með Friðriki krónprinsi og Mary krónprinsessu sem er verndari World Pride í Kaupmannahöfn. Þá litum við inn í Jónshús, ræddum þar við landa okkar og nutum fróðlegrar sýningar um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur sem þar er að finna. Frekari upplýsingar um utanför okkar má sjá á heimasíðu forsetaembættisins, forseti.is.

Fyrir brottför tókum við hraðveipuróf í tjaldbúð við Vorrar frúar kirkju í miðbæ Kaupmannahafnar. Það var ókeypis, öllum frjálst og bar nafn með rentu. Niðurstöður lágu fyrir eftir um hálf tíma. Allt gekk hratt og vel fyrir sig og danskir kunningjar tjáðu okkur að þeir tækju próf af þessu tagi nokkrum sinnum í viku ef svo bæri undir. Engin grímuskylda er í Danmörku eins og kunnugt er og litlar sem engar hömlur á mannamót.

Á laugardaginn var héldum við aftur í sýnatöku í Reykjavík og vorum neikvæð eins og fyrri daginn. Við notuðum tækifærið og fræddumst um leið um störf slökkviliðs- og sjúkraflutningafólks, lögreglu og annarra sem sinna þessum mikilvæga þætti í sóttvörnum landsins. Okkur gafst því færi á að þakka þessu einvalaliði fyrir þeirra drjúgu störf.

Þennan sama dag bárust þær gleðifréttir að Agata Erna Jack hefði borið sigur úr bítum í danskeppni á heimsleikum Special Olympics í Austurríki. Ég óska henni hjartanlega til hamingju með þann glæsta árangur.

Á mánudaginn var tók ég þátt í stafrænum fundi á vegum Alþjóða Churchillfélagsins, International Churchill Society. Tilefnið var að þá voru rétt 80 ár frá því að Winston Churchill kom við á Íslandi á leið sinni til Bretlandseyja eftir leiðtogafund með Roosevelt Bandaríkjaforseta undan ströndum Nýfundnlands. Við David Reynolds, fyrrverandi prófessor við Cambridge-háskóla, og Allen Packwood, forstöðumaður Churchill Archive Centre í Cambridge, ræddum Íslandsheimsóknina, leiðtogafundinn og stöðu Íslands í hildarleiknum. Hægt er að horfa á fundinn hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=-B5qrsnkiw0>.

Þriðjudaginn 17. ágúst tók ég á móti nýjum sendiherra Indlands á Íslandi, Balasubramanian Shyam. Við ræddum meðal annars leiðir til að minnast þess að næsta ár verður liðin hálf öld frá því að stjórn málasamband komst á milli Íslands og Indlands. Þá ræddum við framtíðarhorfur í Afganistan. Þær eru slæmar, hungur, örbirgð og kúgun blasir við íbúum þar, ekki síst konum og börnum. Þennan dag ræddi ég ástandið í sjónvarpsviðtali og nefndi sérstaklega þá skyldu stjórnvalda hér að liðsinna þeim sem hafa unnið með íslenskum fulltrúum og alþjóðastofnunum að uppbyggingu réttláts samfélags í landinu. Viðtalið má sjá hér: [Frétt á
https://www.ruv.is/frett/2021/08/17/thurfum-ad-hjalpa-theim](https://www.ruv.is/frett/2021/08/17/thurfum-ad-hjalpa-theim-...) Ég bendi einnig á ákall og neyðarsöfnun UN Women á Íslandi: <https://unwomen.is/akall-un-women-a-islandi/>

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna alþingiskosninga 25. september næstkomandi er hafin. Ég hvet alla kjósendur til að nýta rétt sinn. Ýmsar hagnýtar upplýsingar um kosningarnar má sjá á vefnum kosning.is.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.